



**41. fundur Heimastjórnar Fljótsdalshéraðs
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Egilsstöðum, föstudaginn 8. desember
2023
og hófst hann kl. 09:30**

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson formaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður, Guðný Drífa Snæland varamaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. 202210104 - Vegslóðar og utanvegaakstur

Á fundinn undir þessum lið mættu fulltrúar Ferðafélags Fljótsdalshéraðs þeir Þorvaldur P. Hjarðar og Þórhallur Þorsteinsson.

Til umræðu var slæmt ástand vegslóða sem liggur frá Kárahnjúkastíflu yfir Sauðárstíflu, gegnum Brúardali, framhá Fagradal og yfir á veg F910 við Álftadalsá. Málið var áður á dagskrá heimastjórnar 8.11.2022 og í sveitarsjórn 14.12.2022.

Í máli Þorvaldar og Þórhalls kom fram að Ferðafélag Fljótsdalshéraðs er tilbúið til að taka að sér tímabundið veghald slóðans og tryggja að unnið verði að endurbótum á honum og fjármögnun þeirra að hluta. En ferðafélagið hefur nú þegar tryggt fjármagn í hluta framkvæmdanna.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs leggur til við sveitarstjórn að gerður verði samningur við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs um tímabundið veghald á umræddri vegslóð.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202311113 - Bundið slitlag á fjölfarna vegi í sveitum Múlapings

Að mati heimastjórnar Fljótsdalshéraðs er viðhaldi heimreiða og vega í dreifbýli Fljótsdalshéraðs ekki nógu vel sinnt. Ferðapjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein í dreifbýlinu og umferð því aukist samhliða því. Íbúar dreifbýlisins sækja einnig atvinnu í mjög mörgum tilvikum frá heimili sínu og akstur með skólabörn á sér daglega stað um vegakerfi svæðisins. Góðir vegir eru því afar mikilvægir með öryggi og hagsmuni íbúa dreifbýlisins í huga. Heimastjórn leggur áherslu á að fjölfarnir vegir í dreifbýli Fljótsdalshéraðs verði lagðir bundnu slitlagi og reglulegu viðhaldi á öllum vegum og heimreiðum verði betur sinnt.

Heimastjórn minnir á bókun umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 14.8.2023, sem gerð var í kjölfar bókunar heimastjórnar frá 8.12.2022, þar sem því er beint til Vegagerðarinnar að „láta gera úttekt á ástandi heimreiða í sveitarfélaginu en ástand þeirra er víða slæmt vegna skorts á viðhaldi og endurbótum.“



Þá er vakin athygli á að þessar áherslur heimastjórnar Fljótshéraðs eru í samræmi við markmið um jákvæða byggðapróun í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-20238, en þar segir: „Áfram verði unnið markvisst að lagningu bundins slitlags á tengivegi sem styðji við atvinnu- og byggðapróun og auðveldi skólaakstur á svæðum sem nú búa við malarvegi. Við forgangsröðun uppbyggingar tengivega verði litið til umferðarpunga, ástands vega, akstursleiða skólaaksturs, vinnusóknar, ferðaþjónustu og óska sveitarfélaga.“

Heimastjórn Fljótshéraðs beinir því til sveitarstjórnar Múlaþings að taka málið upp með Vegagerðinni.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. **202311208 - Unaós, næstu skref eftir bruna á fjárhúsi og hlöðu**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Framkvæmdasýslunni - Ríkiseignum, dagsettur 6.11.2023, þar sem óskað er eftir afstöðu Múlaþings til nokkurra möguleika varðandi Unaós í kjölfar bruna á fjárhúsi og hlöðu síðast liðinn vetur.

Heimastjórn Fljótshéraðs leggur áherslu á að allt verði gert til að áfram megi vera sauðfjárþúskaður á Unaósi. Miklu skiptir að búseta sé með þeim hætti tryggð á staðnum. Sauðfjárþúskaður og búseta á Unaósi er einnig mikilvægur liður í auðvelda búskap á öðrum jörðum á Úthéraði, t.d. þegar kemur að smölun á svæði þar sem búseta hefur verið að grísjast. Auk þess er föst búseta á Unaósi mikilvægt öryggisatriði þegar kemur að viðbragði vegna ófærðar á Vatnsskarði.

Starfsmanni falið að senda svar heimastjórnar til Framkvæmdasýslunnar-Ríkiseigna.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. **202311361 - Ástand vegar 923 á Jökuldal**

Fyrir liggur tölvupóstur, dagsettur 20.11.2023, frá Stefaníu K. Karlsdóttur, um slæmt ástand á vegi 923 á Jökuldal og möguleg slys og ítreikaðar skemmdir á ökutækjum vegna þess.

Heimastjórn Fljótshéraðs tekur undir með málsaðila um að ljúka þurfi við að byggja upp og leggja bundið slitlag á veg 923 að Grund þar sem einn fjölfarnasti ferðamannastaður Austurlands er staðsettur, sem er Stuðlagil. Heimastjórn beinir því til sveitarstjórnar að taka málið upp við samgönguyfirvöld.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. **202207050 - Aðalskipulagsbreyting, Eiðar, frístundasvæði**

Fyrir liggur vinnslutillaga vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028 fyrir frístundasvæði á Eiðum. Tekið hefur verið tillit til þeirra umsagna og athugasemda sem bárust við kynningu skipulags- og matslýsingar.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 20.11.2023: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirliggjandi skipulagstillaga verði



kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sérstaklega skuli óskað eftir umsögn heimastjórnar Fljótshéraðs sem náttúruverndarnefnd.

Heimastjórn Fljótshéraðs samþykkir að fela starfsmanni að koma umsögn heimastjórnar til umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202302194 - Deiliskipulag, Eiðar, frístundasvæði

Fyrir liggur vinnslutillaga nýs deiliskipulags fyrir frístundabyggð á Eiðum.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 20.11. 2023: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði kynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sérstaklega skuli óskað eftir umsögn heimastjórnar Fljótshéraðs sem náttúruverndarnefnd.

Heimastjórn felur starfsmanni að koma umsögn heimastjórnar til umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Heimastjórn Fljótshéraðs samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagstillaga, uppfærð, verði kynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

7. 202309037 - Deiliskipulagsbreyting, Unalækur á Völlum

Tekin er fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi Unalækjar á Völlum þar sem meðal annars á að fjölga frístundalóðum um 15, fella út tjaldsvæði og fótboltavöll og gera breytingar á gatna- og göngustígakerfi.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 4.12.2023: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leggja til við heimastjórn Fljótshéraðs að fyrirbyggjandi skipulagstillaga verði kynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Heimastjórn Fljótshéraðs samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagstillaga um breytingu á deiliskipulagi Unalækjar á Völlum verði kynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

8. 202311115 - Fundir sveitarstjórnar, ráða og heimastjórna janúar til júlí 2024

Fyrir liggur tillaga að fundadagatali sveitarstjórnar og fastanefnda Múlapings í janúar til júlí 2024.

Heimastjórn Fljótshéraðs gerir ekki athugasemdir við fundadagatalið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.



9. 202308176 - Húsnæðisáætlun Múlapings 2024

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja drög að endurskoðaðri 10 ára húsnæðisáætlun Múlapings fyrir árið 2024.

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 4.12.2023 var gerð eftirfarandi bókun: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að vísa fyrirbyggjandi drögum að húsnæðisáætlun Múlapings til umsagnar hjá heimastjórnnum.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs gerir ekki athugasemdir við áætlunina.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

10. 202312049 - Hreindýraarður 2023

Fyrir fundinum liggur tölvupóstur frá Umhverfisstofnun, dagsettur 4. desember 2023, ásamt drögum að hreindýraarði fyrir árið 2023 á áfangasvæði / jarðir í sveitarfélaginu. Drögin liggja frammi til skoðunar á skrifstofum sveitarfélagsins frá 5. des. til 15. desember 2023 og er það sá frestur sem gefinn er til að gera skriflegar athugasemdir.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45

